



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags á
Hólaborg í Árborg



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Febrúar 2007

2007/1

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við fornleifaskráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	5
Staðhættir og lýsing	5
Hættumat	5
Heimildir	5
Heimildamenn	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Saga Hóla	7
Náttúrufar og jarðarbætur	10
Heimildaskrá	13
Fornleifar í landi Hólaborgar	14
Niðurlag	20

Inngangur

Fornleifaskráning á 126,1 hekturum af hluta út landi Hóla í fyrrum Stokkseyrarhrepp nú sveitarfélaginu Árborg var unnin frá 26. febrúar til 2. mars 2007 að ósk landeiganda Ingimars Baldvinssonar. Svæðið sem um ræðir nefnist Hólaborg. Gert er ráð fyrir að á svæðinu rísi íbúðarhús ásamt tveimur stærri byggingum og reiðvelli. Aðalheimildamaður jarðarinnar var Helgi Ívarsson fyrrum bóndi í Hólum og fór hann á svæðið ásamt fornleifafræðingi og fær Helgi bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur annaðist skráningu jarðarinnar.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„ ... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskonunn fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort Verkfræðistofu Suðurlands og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Hólar 165547, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 174 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernjar jarðar. Bæjarstæði Hóla væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Hólar-165547-174-1. Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma

og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Verkfræðistofu Suðurlands. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki

neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamaður við skráningu Hóla var Helgi Ívarsson, fyrrum ábúandi jarðarinnar.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar.

Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Saga Hóla

Hólar er austasti bærinn í Stokkseyrarhreppi.

Hólar eru byggðir á sandsteinshólum sem standa upp úr Þjórsárhrauni.¹

Fyrstu heimildir um jörðina Hóla í Stokkseyrarhreppi er að finna í áreiðarbréfi frá 13. ágúst 1574.² Hóla er jafnframt getið í byggingarbréfi Brynjólfs biskups frá 2. maí 1687 þar sem landamerki eru tilgreind og endurtekið í byggingarbréfi Þórðar Þorlákssonar biskups frá árinu 1687.³

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* sem rituð var árið 1708 er Hólajörð lýst. Þá er jörðin í eigu biskupsstólsins í Skálholti. Leigukúgildi eru fjögur og greiðast í smjóri heim til stólsins eða í kaupstað á Eyrarbakka. Svo virðist sem bóndinn hafi verið hagur á tré, vegna þess að hann greiðir landskuld, leigur og kvaðir með skipasmíði og aðgjörð fyrir stólinn.⁴

Ekki er getið um stærð jarðarinnar árið 1708 vegna þess að jörðin er í eigu kirkjunnar en líklegt er að bóndinn hafi verið nokkuð vel staddur, því bústofninn er nokkuð stór en þar má finna níu kýr, fjórar kvígur að fyrsta kálfi, eitt veturgamallt naut, tvær vetur gamlar kvígur og þrír kálfar. Einnig eru á Hólum tuttugu ær, tíu sauðir tveggja vetra og eldri, fimmtán vetur gamlir sauðir og 15 lömb. Sex hesta má einnig finna á Hólum.⁵ Getið er um eina hjáleigu í landi Hóla en hún kallast Hólahjáleiga og hafði verið lengi í byggð árið 1708 eins og segir í Jarðabókinni „byggð fyrir manna minni“. Ábúandinn á hjáleigu Hóla er Ástríður Snorradóttir.⁶ Hólahjáleiga fór í eyði árið 1748 og byggðist ekki aftur.⁷

Árið 1773 kom upp mikið þrætumál milli Hólabænda og bóndans á Arnarhóli og var réttur settur í þrætulandinu við Hólavatn þann 15. júní. Voru þar mörg vitni fengin til að vitna um örnefni.⁸ Hefur þetta þrætuland og þing verið haldið innan

¹ Árni Hjartarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Hallgerður Gísladóttir. 1991, bls. 81.

² Alþingisbækur Íslands 1, bls. 257, 259 (Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi 1952, bls. 64.)

³ Guðni Jónsson, Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi, bls. 64.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 40-41.

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 41.

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 41.

⁷ Guðni Jónsson. 1952, bls. 66.

⁸ Guðni Jónsson. 1952, bls. 65.

deiliskipulagssvæðis. Málinu lauk svo með sáttum á öðru þingi settu við vatnið, síðar í júnímánuði árið 1773.⁹

Fyrr á tímum a.m.k. á 17. öld var einbýli á Hólum og voru þar jafnan efnabændur en árið 1725 er komið tvíbýli á Hólum og helst þar til 1912.¹⁰

Í *Manntalinu 1703* er getið um tvær hjáleigur á Hólajörðinni. Sú hjáleiga sem kallast í manntalinu „önnur Hólahjáleiga“ er sú er nefnist Hólahjáleiga og var getið hér að framan. Ekki er greint frá nöfnum á þessum hjáleigum en sú sem kölluð er „hjáleigan fyrsta“ hefur hugsanlega heitið Lokabær og verið þurrabúð.¹¹ Búa þar árið 1703 háöldruð hjón og bjarga sé með góðra manna styrk.¹² Í *örnefnaskrá* Hóla segir „Fáa faðma suðvestur af Hádegishól er í túninu lítið tóftarbrot, fornlegt; heitir það Lokabær. Fylgir sú sögn, að þar hafi verið kofi einsetumanns.“¹³ Lokabær er álagablettur sem ekki má við hrófla og hefur það verið virt.¹⁴

Í *Manntalinu 1801* frá er aðeins greint frá ábúendum á tveimur bæjum, sem að öllum líkindum eru Hólabæirnir tveir.¹⁵

Árið 1816 er komið nýtt fólk á báða bæina á Hólum, alls um 14 manns, þar af eru tvenn hjón, stálpuð börn, vinnuhjú og þrjú ung börn sem öll eru niðurstetningar á bæjunum.¹⁶

Árið 1825-1835 bjó að Hólum maður er Eiríkur Snorrason hét og þótti gáfaður, skáldmæltur og fyndinn í orðum.¹⁷ Var Eiríkur þessi kunningi Sigurðar Gottvinssonar eins af Kambránsmönnunum og var Eiríkur yfirheyrdur vegna þessa máls. Við rannsókn Kambránsins¹⁸ var Eiríkur fundin sekur um þjófnað og þjófnaðaryfirhylmingu og var dæmdur til að hljóta 27 vandarhögg og greiða hið stolna fé um 34 ríkisdali.¹⁹

⁹ Guðni Jónsson. 1952, bls. 65

¹⁰ Guðni Jónsson. 1952, bls. 67

¹¹ Guðni Jónsson. 1952, bls. 66

¹² *Manntal 1703*. 1924-1947, bls. 514.

¹³ Helgi Ívarsson. *Örnefnaskrá Hóla*, bls. 2

¹⁴ Bjarni Harðarson. 2001, bls. 89.

¹⁵ *Manntal 1801*. 1978, bls. 198.

¹⁶ *Manntal 1816*. 1947-1974, bls. 286.

¹⁷ Guðni Jónsson. 1952, bls. 73.

Ekki er vitað hvenær Hóla komust í eigu biskupsstólsins í Skálholti en hún var seld á stólsjarðauppböðinu 9. ágúst árið 1788 og komst þá í bændaeign.²⁰

Merkilegir hellar eru í landi Hóla og voru nytjaðir af bændum jarðarinnar. Hólahellir I er hellir sem stendur fast rústir gamla bæjarins frá Hólahjáleigu. Helgi Ívarsson fyrrum ábúandi á Hólum telur að innangengt hafi verið úr bænum inn í hellinn. Talið er að hann hafi verið notaður sem fjárhellir. Hellirinn er djúpt niðurgrafinn og sjást merki um veggi og tröppur í hellinum. Hann er nú mikið fallinn saman.²¹ Annar hellir er kallast Hólahellir II var í tengslum við eystri bæinn á Hólum. Hellirinn var þétt við bæjarhúsin og e.t.v. talist hluti þeirra. Ekki er vitað um notkun, en þar má sjá ritað í móbergsveggina.²² Síðasti hellirinn er gamall fjárhellir sem stóð nokkur hundruð metra niður af bæjunum. Er talið að hann hafi hrunið á árunum milli 1827-1864 og þar hafi fé farist er hellirinn féll.²³

Einbýli hefur verið á Hólum síðan 1912. Helgi Ívarson sem hefur nýlega hætt búskap á Hólum var fóstursonur Magnúsar Hannessonar og Helgu Ívarsdóttur sem bjuggu á Hólum og á undan þeim var Hannes Magnússon faðir Magnúsar. Hólar hafa því verið í eigu sömu fjölskyldu frá árinu 1890.

Eftir að Helgi Ívarsson seldi jörðina fyrir nokkrum árum varð það atvik að heimilað var að rífa hluta af gömlu bæjunum á Hólum sem stóðu fyrir framan núverandi íbúðarhús. Fóru þá mjög merkilega minjar forgörðum. Ekki var fengið leyfi frá Fornleifavernd ríkisins til að rífa húsin eins og skylda er samkvæmt lögum ef raska á minjum sem eru 100 ára og eldri.

Hólar eru í Stokkseyrarsókn.



Hluti gömlu bæjarhúsana sem rifin voru árið 2004 án leyfis Fornleifaverndar. Ljósmynd MHH. 2003

¹⁸ Brynjúlfur Jónsson. 1975, bls. 114-115.

¹⁹ Guðni Jónsson. 1952, bls. 74.

²⁰ Guðni Jónsson. 1952, bls. 6.

²¹ Árni Hjartarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Hallgerður Gísladóttir. 1991 bls. 81.

²² Árni Hjartarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Hallgerður Gísladóttir. 1991 bls. 81.

²³ Árni Hjartarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Hallgerður Gísladóttir. 1991 bls. 83.

Náttúrufar og jarðarbætur

Hólar virðast alltaf hafa verið stór jörð. Jörðin var í í eigu biskupsstólsins í Skálholti svo langt sem heimildir ná. Árið 1686 er jarðardýrleiki 30 hdr samkvæmt *The old Icelandic land registers*.²⁴

Þegar *Jarðabókin* er rituð í Stokkseyrarhrepp árið 1708 er ekki getið um jarðardýrleika en greinilegt er að Hólar eru vel stæð jörð enda stór bústofn þar, en líklegt er að um efnamikla jörð hefur verið að ræða. Eins og á flestum jörðum á landinu er nokkur upptalning á löstum landsins en þar segir: „Engjum grandar ofvatn í votárum, en vatnsleysi þá þerrar gánga, og verður árlega með stíflum engið að vökva og kostar það árlega stórrerfiði. Hagaskortur er hinn mesti á vetur, því svell bólgnar yfir landið mestalt. Hætt er bæði mönnum og kvikfje á vetur yfir læki þá að sækja, sem gyrða jörðina, og hefur það í voru minni að manna og fjárskaða orðið. Hjer þarf að brúa með stórrerfiði, ef njóta skal haga sumar eður vetur.“²⁵ Þar segir einnig: „Skógarhögg hefur jörðin frí til kolagjörðar í stólsins skógi þar sem heitir almenningur á fjöllum fyrir ofan Eystri Hrepp. Þessi skógur er nú mjög eyddur, en brúkast þó árlega. Heklubruni hinn síðasti fordjarfaði þessan skóg mest, so hann hefur síðan mjög lítið blómgast, nema úngviði eitt í næstu 2 ár.“²⁶

Árið 1788 eru Hólar seldir af biskupsstólnum á 273 ríkisdali.²⁷

Árið 1805 er verð jarðarinnar metið á 460 ríkisdali en þá verður jörðin í eigu eins manns.²⁸

Í *Jarðatali J. Johnsen* frá árinu 1847 er Jarðardýrleiki 42 2/3 hdr.²⁹

Í *Jarðamati Árnessýslu* frá árinu 1848 er jörðinni lýst þannig: „Hólar bændaeign. Túnið stórt mestallt þýft, meðallagi grasgefið fóðrar 3 kýr. Engjar miklar þýfðar og sléttar. Vatn má veita á engjar. Jörðin er landlítil fyrir utan engjar. Torfrista er brúkleg.“ Hólar eru það ár metnir á 610 ríkisdali.³⁰

²⁴ Björn Lárusson. 1967, bls. 103.

²⁵ Árni Magnússon. Páll Vídalín. 1921, bls. 42.

²⁶ Árni Magnússon. Páll Vídalín. 1921, bls. 42.

²⁷ Guðni Jónsson. 1952, bls. 64.

²⁸ Guðni Jónsson. 1952, bls. 64.

²⁹ Johnsen, J. 1847, bls. 60.

³⁰ Gjörðarbók við jarðamatið í Árnessýslu 1848.

Í *Ný jarðabók fyrir Ísland* frá 1861 kemur fram að Hólar voru metnir á 24,2 hundruð.³¹ Á túnakorti sem gert var fyrir Hóla árið 1920 kemur fram að tún eru um: 6,8 ha, þar af 5/6 sléttað. Garðar: 2267 m².³²

Þegar *Fasteignabókin* frá 1932 er rituð er túnastærð á Hólum 5,5 ha, og matjurtargarðar um 9 fermetrar.³³ Árið 1976 er hafa tún á Hólum stækkað umtalsvert og eru orðinn 30 ha að stærð.³⁴ Samkvæmt Fasteignamati ríkisins frá 2006 er túnastærð á Hólum 28,1 ha.³⁵

Landamerki Hóla árið 1687 eru eftirfarandi:

„... að austan millum Loftstaða og Hóla lækur sá, er rennur fyrir austan túnið á Hólum. Að sunnan millum Tungu og Hóla garðslitur nokkur og að dælu nokkurri, kallaðri Golu, hvor eð þrýtur þar, sem Loftstaða menn brúka og Tungumenn taka við; úr garðslitrunum sjónhending, þar eð kemur í móts við þúfu nokkra fyrir vestan lækinn, og vestur í Grjóttjörn eftir þeim líkendum, sem þar kunna í milli sýnast og Baugsstaðir eiga á aðra hlið. Úr Grjóttjörn til norðurs í stein þann sem stendur framan til í Blásturgróf; úr steininum í garð nokkurn, sem liggur sunnarlega í Hrísmýrinni. Úr þeim garði mót austri sjónhending í Hæringsstaðalæk suður í Þakvatn; úr Þakvatni í Arnarhólskeldu, með henni, þar til hún kemur í Lækjartjörn þá sem fyrst var getið, millum Loftstaða og Hóla.“³⁶

„Höfuðkennileiti í landareign Hóla er Hróarholtslækur, öðru nafni í daglegu tali Stórilækur, er hann mikið vatnsfall og rennur um lönd margra jarða í Flóanum. Skiptir hann landareign jarðarinnar í tvennt og er bæjarstæðið, tún og engjar austan og sunnan hans, en beitarland vestan og norðan.“³⁷

³¹ Ný jarðabók fyrir Ísland [ártal vantar] bls.

³² Túnakort af Hólum. 1920.

³³ Fasteignabók 1932. 1932, bls. 11.

³⁴ Sunnlenskar byggðir II. 1981, bls. 219.

³⁵ Fasteignamat ríkisins. (Sótt á netið). *Landskrá fasteigna. Hólar*

³⁶ Guðni Jónsson. 1952, bls. 65.

³⁷ Helgi Ívarsson. 1977. Örnefnaskrá Hóla.

Bærinn Hólar er austan Hróarsholtslækjar og er þetta eina jörðin í hreppnum sem á land beggja vegna lækjarins. Landmikill jörð en ekki sjálfgefin til ræktunar. Tún er ágætt en kostnaður af brúargerð á Hróarslæk.³⁸

Núverandi íbúðarhús var byggt árið 1949 og er um 218 fm að stærð.³⁹

³⁸ Sunnlenskar byggðir II. 1981, bls. 219.

³⁹ Fasteignamat ríkisins. Landskrá fasteigna. Hólar. Árborg.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lund University, Lundur.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Hólar. Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 26.2. 2007 af <http://www.fmr.is/>

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið gaf út, Reykjavík.

Jarðalýsingar Árnessýslu 1849. Handrit . Héraðsskjalasafn Árnesinga

J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi 1703. 1924-1947. Ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið gaf út, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. I. hefti. 1947-1974. Prentað að tilhlutan Ættfræðifélagsins með styrk úr Ríkissjóði, Akureyri.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið gaf út með styrk úr ríkissjóði og Þjóðhátíðarsjóði, Reykjavík.

Ný jarðabók fyrir Ísland. [Ártal vantar]. Samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Prentað í J. H. Schultz's prentsmiðju, Kaupmannahöfn

Sunnlenskar byggðir. Flóinn. II. bindi. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Túnakort [1920]. *Hólar*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fornleifar í landi Hólaborgar

165547-174-2

Sérheiti Hólavöllur

Hlutverk áningarstaður

Tegund heimild

Staðsetning

Staðhættir

Hólavöllur er víðáttumikið beutiland, sem tekur við fyrir norðan Rjómabússkurð.

Skiptast þar á mýri og vallendi. Hólavöllur var fyrrum áningarstaður ferðamanna á Ásavegi, sem fyrr er nefndur.

Lýsing

Allt svæðið telst vera áningarstaður því ekki er vitað nákvæmlega hvar fólk áði á leið sinni. Heimildamaður Helgi Ívarsson greindi frá því að ferðamenn sem fóru um svæðið hefðu oft orðið uppvísir að því að stela heyi úr fjárhúsum Hólabænda sem eru á svæðinu. Leið sem kölluð er Snorrabraut liggur yfir Hólavöll og á þeirri leið voru ferðamenn sem áðu á Hólavelli.

Heimildaskrá

Helgi Ívarsson.1977. *Hólar. Stokkseyrarhrepp, Árnessýsla*.Örnefnastofnun Reykjavík.

165547-174-3

Sérheiti Hólaborg

Hlutverk tóftaþyrping

Tegund tóft

Staðsetning E 403866 N 371666

Staðhættir

Í Hólavelli, nokkuð vestur með Rjómabússkurði, er hár hóll með miklum rústum, heitir Hólaborg. Þar voru áður fjárhús frá Hólum, lögð niður um 1920.



Hólaborg, hóll sem hefur myndast vegna síendurtekinnar byggðar á sama stað. Tekið í austur. Ljósmynd MHH.

Lýsing

Greinilegur mjög stór hóll sem kallast Hólaborg stendur fast við nýlegt plan sem hefur verið gert á svæðinu. Hóllinn ber þess merki að hafa myndast vegna sí endurtekinnar bygginga á sama stað um langan tíma. Hóllinn sker sig mjög úr landslagi og sést víða að. Hóllinn er ekki náttúrusmíð.

Um allan hólinn má sjá merki um að byggingar hafi staðið, þó flestar sú þær svo illa farnar að ekki var unnt að merkja byggingarlag þeirra. Ein tóft er þó mjög greinileg á suð-austur hluta hólsins. Ekki sér í mikið hleðslugrjót nema í fjárhúsinu. Líklegt að grjót hafi verið tekið úr eldri byggingum og sett í yngsta húsið. Hóllinn er 28 m frá suðri til norðurs og 19 m frá austri til vesturs.

Hóllinn líkist mjög bæjarhól, en ekki eru til neinar heimildir um að bær hafi staðið á þessum stað.

165547-174-4

Sérheiti Hólaborg

Hlutverk fjárhús

Tegund tóft

Staðsetning E 403885 N 371655

Staðhættir

Á Hólavelli, nokkuð vestur með Rjórabússkurði, er hár hóll með miklum rústum sem heitir Hólaborg. Þar voru áður fjárhús frá Hólum, lögð niður um 1920.




Fjárhús sem hætt var að nota um 1920. Tekið í suður. Ljós. MHH.

Lýsing

Greinilegur mjög stór hóll sem kallast Hólaborg stendur fast við nýlegt plan sem hefur verið gert á svæðinu. Hóllinn ber þess merki að hafa myndast vegna sí endurtekinnar búsetu á sama stað um langan tíma. Hóllinn sker sig mjög úr landslagi og sést víða að.

Um allan hólinn má sjá merki um að byggingar hafi staðið, þó flestar sú þær svo illa farnar að ekki var unnt að merkja byggingarlag þeirra. Ein tóft er þó mjög greinileg á suð-austur hluta hólins, en samkvæmt heimildamanni er það yngsta fjárhúsið sem hætt var að nota um 1920. Fjárhúsið er með inngang mót suð-austri og má sjá greinilega lögun þess, því er nokkuð mikið af hruni inn í tóftinni. Tröppur hafa verið við dyr. Hleðsluhæð veggja er um 1 m. Og er norðurhlið fjárhússins hærri og má sjá í fjögur umför af grjóti. Innanmál tóftarinnar er 7x2 m. Fyrir utan tóftina við suðurhlið hennar má sjá lítið hól sem myndar einskonar hól eða rétt við suðurvegg tóftarinnar. Þetta hól er ekki niðurgrafið eins og húsið. Líklegt má telja að þetta hafi verið heystæði fyrir fjárhúsið.



Heimildaskrá

Helgi Ívarsson. 1977. *Hólar. Stokkseyrarhrepp, Árnessýsla*. Örnefnastofnun Reykjavíkur

65547-174-5

Sérheiti Litla Hólaborg

Hlutverk óþekkt

Tegund tóft

Staðsetning E 403734 N 371497

Staðhættir

Nokkuð vestur af Hólaborg er annar hóll mun minni. Heitir hann Litla Hólaborg.

Um 20 metra vestur af veginum sem



Óljósar tóftir á Litlu Hólaborg. Tekið í vestur. Ljós. MHH.

liggur að Hólaborg og um 150 metra suðvestur af bílastæði er áberandi hól sem rís upp úr landslaginu

Lýsing

Hóllinn er greinilega rústahóll þó ekki sé mikið eftir að þeirri byggingu sem á hólnum stóð. Hugsanlega hefur þó verið um hringlaga byggingu að ræða og þá jafnvel fjárborg eins og nafnið bendir til. Líklegt er að um mjög gamla byggingu sé að ræða.

65547-174-6

Sérheiti Snorrabraut

Hlutverk leið

Tegund gata

Staðsetning E 403838 N 371927

Staðhættir

Suðvestur við Hólavöll miðjan er gömul braut, nú uppgróin, heitir Snorrabraut, kennd við Snorra Sveinbjörnsson, f. 1852, d. 1938, sem rutt mun hafa braut þessa, en hann bjó lengi á Hæringsstöðum.



Snorrabraut, leið sem fyllst hefur af vatni. Tekið í norður. Ljósmynd MHH

Lýsing

Leið þessi er á mörgum stöðum sjáanleg en hún er um 1 meter á breidd og um 20 cm djúp. Mikið vatn hefur safnast í hana þar sem hún er greinilegust á miðjum Hólavelli. Ekki var hægt að fylgja allri leiðinni þar sem hún er horfin á köflum en gps punktur var tekin þar sem leiðin er skýrust á deiliskipulagsreitnum.

Heimildaskrá

Helgi Ívarsson.1977. *Hólar. Stokkseyrarhrepp, Árnessýsla*. Örnefnastofnun Reykjavík

65547-174-7

Hlutverk fjárhús

Tegund tóft

Staðsetning E 404256 N 372076

Staðhættir

Fremst í Lambhaganum, fram undir Hólavatni, er rúst af stóru fjárhúsi og hlöðnu gerði við. Voru húsin rifin um 1940, er nú notað sem fjárrétt og kallað fjárhústóft.

Lýsing

Um 300 metra norður af Hólavatni eru gríðarlega stór og heillega fjárhús. Fjárhúsið er með niðurgrafinni hlöðu í enda. Í kringum fjárhúsið er gerði/garðar sem mynda afmarkað svæði við fjárhúsin og líkjast mest túngarði í kring um heimatún.

Innanmál fjárhússins er 13 m á lengdina og 5 m á breidd.

Breidd veggja er um 1 til 2 metrar. Garði er í miðju fjárhúsinu.

Hlaðan er 6x4 m að innanmáli og er hleðsluhæð gaflsins um 1,60 m.


Fjárhúsið er mjög heillegt þó nokkuð sé farið að hrynja úr veggjum. Inngangur í fjárhúsin snýr í suður í átt að Hólavatni. Um sjö metra garður liggur frá inngangi og hefur myndað vegg eða skjól. Heimildamaður greindi frá því að bárujárn hafi verið á þaki þegar húsin voru rifin um 1940.

Heimildaskrá

Helgi Ívarsson.1977. *Hólar. Stokkseyrarhrepp, Árnessýsla*.Örnefnastofnun Reykjavík.



*Stórt fjárhús og hlaða á Hólavelli. Tekið í vestur.
Ljós. MHH*



65547-174-8

Hlutverk vörslugarður

Tegund garðlag

Staðsetning E 404247 N 372104

Staðhættir

Í kring um fjárhúsið við norðanvert Hólavatn er garðlag á þrjá vegu í kring um fjárhúsin.



Lengsti hluti garðsins. Tekið í vestur. Ljós. MHH.

Lýsing

Garðlagið er mikið og er um 20 m frá fjárhúsinu, lengsti hluti garðsins er um 80 m og liggur meðfram langhlið hússins frá nv-sa og beygir þá í austur og liggur upp með gaflí hússins um 20 m uns hann beygir í norður og liggur að fjárhúsinu.

Garðurinn myndar stórt hól við fjárhúsið og hefur verið gerður til að halda fé heim við húsið. Enginn merki eru um garðlag til suðurs og e.t.v. hefur verið girt þar með öðrum hætti. Garðurinn er um 60-70 cm á hæð og er breiðari að neðan en ofan. Að neðan er garðurinn um 1 m en um 30 cm efst. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og ekkert sést af grjóti í garðinum.

65547-174-9

Hlutverk Óþekkt

Tegund tóft

Staðsetning E 404286 N 372063

Staðhættir

Um 27 m suð-austur af fjárhúsunum[] er hóll sem virðist hafa hlaðist upp

vegna sí endurtekinna bygginga á sama stað.



Rústahóll með tóft efst, líklega mun eldra en fjárhúsin við hliðina. Tekið í austur. Ljómynd MHH.


Lýsing

Hóllinn er um fjórir metrar á hæð stendur hátt upp í landslaginu og stendur til að mynda mun hærra en fjárhúsin.

Efst á hólnum eru greinileg merki um byggingu og töluvert að hleðslugrjóti. Sjá má óljósar línur byggingar um 2x3 m en mikið hrun er inn í hólfið. Norður af hólfinu má sjá hleðslu á tvo vegu. Ekki er hægt að greina hvort um hluta af byggingunni er að ræða eða annari byggingu. Ljóst er að minjar á þessum hól eru mun eldri en fjárhúsið stóra við hliðina.

Heimildaskrá

Helgi Ívarsson.1977. *Hólar. Stokkseyrarhrepp,*
Árnessýsla.Örnefnastofnun Reykjavík



Niðurlag

Deiliskipulagssvæðið er 126,1 ha að stærð. Svæðið er mýrlent með mólendiskollum. Fyrirhugað er að á svæðinu rísi hestabýli.

Talað var við fyrrum ábúanda Helga Ívarsson sem var bóndi í Hólum. Hefur Helgi skráð mest öll örnefni í Stokkseyrarhreppi. Í landi Hóla skráði hann 118 örnefni.

Helgi fór með fornleifafræðingi um svæðið og benti á minjastaði í landi Hólavalla. Vettvangsvinna fór fram 28. febrúar og var þá allur deiliskipulagsreiturinn genginn af fornleifafræðingi. Alls fundust á svæðinu níu minjastaðir. Stórt fjárhús með gerði sem hætt var að nota um 1940 stendur í landi Hólavalla en mjög langt frá þar sem áætlað er að hestabýlið rísi. Þar við er rústahóll með mjög gömlu mannvirki.

Aðeins stafar hætta að einni fornleif vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Það er töftaþyrpingin á stórum hól sem nefnist Hólaborg og samkvæmt skipulagsdrögum stendur til að setja eina byggingu ofan á hólinn. Vegna stærðar hólins, og að líklegt er að hann hafi myndast vegna síendurtekinnar byggðar á sama stað, var hólnum gefið

sér númer og fjárhústóft sem enn er merkjanleg á hólnum annað númer. Greinilegt er að á hól þessum hafa verið hús um langan tíma, enda bendir nafnið til að fjárborgir hafi staðið á hólnum. Þó að hóllinn sé stór og hafi öll einkenni bæjarhóls finnast engar heimildir um að bær hafi staðið á hólnum.

Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt ekkert sjáist í þær ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.